

## 192. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn á Biskupsstofu, Háleitisbraut 66

Fimmtudaginn 13. apríl 2023.

**Mætt voru:** Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs sem stýrði fundi, Ingvar Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, fulltrúi Kirkjugarðsambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga (á Teams), Sigurgeir Skúlason verkefnisstjóri Kirkjugarðaráðs, og Agnes Stefánsdóttir sviðsstjóri Minjastofnun Íslands (varamaður) sem ritaði fundargerð. Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands kom á fundinn kl. 13.50. Ragnhildur Benediktsdóttir formaður ráðsins var erlendis.

Gestur fundarins: Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 13.00 og fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt*
2. *Fundur fulltrúa kirkjugarðaráðs í dómsmálaráðuneytinu.* Smári Sigurðarson kynnti. Smári, Valtýr og Guðmundur fóru á fund ráðuneytis til að kynna málefni kirkjugarða sem þarf að skoða. Ræddu samkomulag ríkis og kirkjugarða; líkhús, bálstofu og endurskoðun laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.
3. *Fyrirspurn vegna jarðsetningar duftkers.* Guðmundur Rafn Sigurðsson kynnti. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.
4. *Aðalfundur Kirkjugarðasambands Íslands þann 6. maí n.k.* Smári Sigurðsson kynnti. Haldinn á Akureyri.
5. *Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 11. maí kl. 13.00 á Biskupsstofu.*
6. *Önnur mál.* Þetta er síðasti fundur Kristínar Huldar Sigurðardóttir sem lætur af störfum í lok mánaðarins. Agnes Stefánsdóttir varamaður hennar mun sitja fundi f.h. Minjastofnunar þar til annað kemur í ljós.

Fundi var slitið kl 14.20

---

Ragnhildur Benediktsdóttir  
formaður

---

Agnes Stefánsdóttir  
ritari